

Umsókn um örorkulífeyri



Senda staðfestingu á umsókn til Tryggingastofnun ríkisins.

Vinsamlegast athugið að umsókn verður áframsend til annarra lífeyrissjóða.

1 Upplýsingar um umsækjanda

Nafn Kt.

Heimili

Póstnúmer og staður

Netfang Sími-Gsm

Bankareikningsupplýsingar (banki-höfuðbók-reikningsnúmer):

2 Upplýsingar um börn

Börn yngri en 18 ára ef sótt er um örorkulífeyri úr B-deild og ESÚÍ.

Börn yngri en 22 ára ef sótt er um örorkulífeyri úr A-deild. Sé barn eldra en 18 ára þarf að gefa sjóðnum upplýsingar um bankareikning.

Nafn Kennitala Bankareikningur barns, 18 ára og eldri.

3 Fylgiskjöl með umsókn um örorkulífeyri

Nýtt læknisvottorð (má vera afrit), ekki eldra en þriggja mánaða gamalt.

4 Staðgreiðsla skatta og nýting persónuafsláttar hjá LSR

Staðgreiða skal skatt af lífeyrisgreiðslum eins og um venjulegar launagreiðslur sé að ræða. Það er á ábyrgð lífeyrisþega að láta sjóðinn vita í hvaða skattþrepi skattgreiðslur eiga að vera og um rétta nýtingu persónuafsláttar.

Skattþrep 1 (36,94% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur að kr. 927.087)

Skattþrep 2 (46,24% skattur á samtals skattskyldar mánaðarlegar tekjur frá kr. 927.087)

Ég óska eftir því að skattþrep miðist við aðrar mánaðarlegar tekjur. Aðrar mánaðarlegar tekjur:

Nýting persónuafsláttar hjá LSR	Hlutfall:	Frá hvaða dagsetningu:
Nýta eigin persónuafslátt hjá LSR:	%	
Nýta persónuafslátt maka hjá LSR:	%	

5 VIRK Starfsendurhæfingarsjóður

Hefur þú sótt þjónustu hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði?

Nei Já

Ef já, frá hvaða tíma?

Nafn ráðgjafa:

Hefur þú verið í starfsendurhæfingu án milligöngu VIRK?

Nei Já

Ef já, frá hvaða tíma?

Nafn starfsendurhæfingar:

Nafn ráðgjafa:

6 Upplýsingar fyrir starfsorkumat

Hvenær varðst þú óvinnufær að hluta til eða að fullu, dagur, mán., ár?

Hver er vinnugeta þín nú utan heimilis? Engin 25% 50% 75% 100%

Ert þú í vinnu núna? já nei

Ef já, hve marga tíma á dag?

Starfsheiti:

Nafn vinnuveitanda:

Hvaða störf telur þú þig geta unnið núna?

Hver er orsök heilsubreysts/óvinnufærni að þínu mati?

Hjá hverjum vannst þú síðustu fimm árin fyrir orkutap?

Við hvað?

Tímabil

Hefur þú verið utan vinnumarkaðar vegna barnauppeldis?

Nei Já

Ef já, fæðingardagur barns/barna Tímabil

Ef já, fæðingardagur barns/barna Tímabil

Nöfn lækna, sem þú hefur leitað til síðustu fimm ár

Sjúkrastofnanir (þar með taldar meðferðarstofnanir) og innlagnir síðustu fimm ár

Tímabil

Annað sem þú vilt taka fram

7 Tekjur

Vakin er athygli á því að sjóðfélaga ber að upplýsa sjóðinn um allar breytingar sem kunna að verða á launatekjum samhliða örorkugreiðslum.

Ertu með, eða sækir þú um eftirfarandi greiðslur?

Greiðslur frá atvinnurekanda: Nei Já Hvenær **stöðvast/stöðvuðust** greiðslur frá atvinnurekanda?

Greiðslur frá Atvinnuleysistryggingasjóði: Nei Já, frá dags. til Fjárhæð á mánuði

Greiðslur frá Tryggingastofnun: Nei Mun sækja um Í vinnslu Já
Ef já, örorkulífeyrir frá hvaða dagsetningu? Fjárhæð á mánuði

Greiðslur frá sjúkrasjóði stéttarfélags: Nei Mun sækja um Í vinnslu Já
Ef já, nafn sjúkrasjóðs frá dags. til Fjárhæð á mánuði

Aðrar greiðslur:

Nei Já, hverjar: til dags. Fjárhæð á mánuði

Réttur á hærri viðmiðunarlaunum

Viðmiðunarlaun lífeyris eru almennt þau dagvinnulaun sem sjóðfélagi hafði við starfslok. Þrjár undanteikningar geta verið á því:

1. Ef sjóðfélagi var í hærra launuðu starfi eða störfum í að minnsta kosti tíu ár fyrir á sjóðfélagatíma sínum, skal miða við hæst launaða starfið, hafi hann verið í því að lágmarki í tíu ár. Annars er miðað við það starf, sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum, gegndi í að minnsta kosti tíu ár.
2. Ef sjóðfélagi hafði öðlast rétt til að hefja töku lífeyris en ákveðið að fresta því og tekið eftir það við lægra launuðu starfi en það sem hann var í áður, skal miða lífeyrinn við starfið sem var hærra launað.
3. Ef sjóðfélagi var í hærra launuðu starfi en þurfti af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni og tók við öðru lægra launaðu starfi skal miða lífeyrinn við hærra launaða starfið. Skila þarf inn læknisvottorði því til staðfestingar.

Meðaltalsregla

Lífeyrisgreiðslur taka sömu breytingum og verða að meðaltali á föstum dagvinnulaunum hjá opinberum starfsmönnum. Hagstofa Íslands reiknar út þessar breytingar mánaðarlega.

Eftirmannsregla

Viðmiðunarlaun eru þau dagvinnulaun sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf er sjóðfélagi gegndi síðast.

8 Einungis fyrir þá umsækjendur sem sækja um örorkulífeyri úr B-deild LSR

Hærra launað starf (en lokastarf) fyrir á sjóðfélagatímanum

Ég var í hærra launuðu starfi (en lokastarf) í meira en 10 ár fyrir á sjóðfélagatímanum.

Ég var í hærra launuðu starfi (en lokastarf) þegar rétti á lífeyristöku var náð.

Ég lét af hærra launuðu starfi (en lokastarf) af heilsufarsástæðum. Skila þarf inn læknisvottorði því til staðfestingar.

Ef hakað er í eitthvað af ofantöldu þá skal fylla hér inn upplýsingar um hærra launaða starfið

Starfsheiti:

Nafn vinnuveitanda:

Tímabil:

Val um meðaltalsreglu eða eftirmannsreglu

Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi, sem veitir aðild að sjóðnum, geta valið að lífeyrisgreiðslur þeirra breytist eftir eftirmannsreglu eða meðaltalsreglu. Ef taka lífeyris hefst ekki í beinu framhaldi af starfi, breytast lífeyrisgreiðslur eftir meðaltalsreglu.

LSR vill beina því til umsækjanda að leita upplýsinga og ráðgjafar hjá starfsmönnum LSR við val um meðaltals- eða eftirmannsreglu.

Ég vel meðaltalsreglu.

Ég vel eftirmannsreglu.

Ég mun senda lífeyrissjóðnum útfyllt eyðublað „Val um meðaltals- eða eftirmannsreglu“ innan þriggja mánaða.

Sjóðfélagi sem ekki velur eftirmannsreglu innan þriggja mánaða frá upphafi lífeyristöku fær greiddan lífeyri samkvæmt meðaltalsreglu.

9 Undirritun, umboð, endurkröfuréttur

Ég undirrituð/aður hef lesið og samþykki eftirfarandi:

- Að gefa lífeyrissjóðnum nauðsynlegar upplýsingar um heilsuhagi mína og launatekjur.
- Að lífeyrissjóðurinn afli nauðsynlegra upplýsinga sem kunna að hafa áhrif á fjárhæð greiðslna, svo sem tekjuupplýsinga frá skattayfirvöldum, almannatryggingum, Atvinnuleysistryggingasjóði og sjúkrasjóði, sem farið verður með sem trúnaðarmál.
- Að lífeyrissjóðurinn afli upplýsinga um iðgjaldagreiðslur mínar til annarra lífeyrissjóða.
- Að tilkynna lífeyrissjóðnum þær breytingar sem kunna að verða á tekjum mínum og öðrum aðstæðum, sem gætu haft áhrif á greiðslur úr sjóðnum.
- Ég heimila að lífeyrissjóðurinn fái upplýsingar hjá VIRK, starfsendurhæfingu, eða viðeigandi endurhæfingaraðila um framgang endurhæfingar minnar. Ég heimila einnig að VIRK fái afrit umsóknar minnar, matsgerð trúnaðarlæknis, gögn frá vottorðaskrifandi lækni og geti aflað frekari gagna sem snúa að heilsufari mínu, enda geti það varðað mat VIRK á starfsgetu og mögulegri endurhæfingu minni.
- Ég geri mér grein fyrir að samkvæmt samþykktum sjóðsins er hægt að skilyrða greiðslu örorkulífeyris við þátttöku mína í endurhæfingu.
- Þessar heimildir gilda einnig gagnvart öðrum lífeyrissjóðum þar sem örorkulífeyrisréttur hefur stofnast. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að endurkrefja ofgreiddan lífeyri vegna skorts á upplýsingum. Með undirritun minni staðfesti ég að ofangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt bestu vitund.